

**10. fundur skipulagsnefndar
haldinn í fundarsal á 3. hæð, miðvikudaginn 5. apríl 2023
og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Gunnar Ásgeirsson (GÁ), Steindór Hjaltalín Þorsteinsson, Gretar Daníel Pálsson (GDP), Hilmar Hallvarðsson (HH), Arnar Geir Diego Ævarsson, Kristín Þorleifsdóttir, Sigurður Grétar Jónasson, Ragnar Ingi Sigurðsson, Þórhildur Eypórsdóttir, Haukur Garðarsson (HG) og Jakob Björgvin Jakobsson.

Fundargerð ritaði: Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi

Dagskrá:

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri sat fundinn undir þessum lið ásamt bæjarfulltrúunum Hauki Garðarssyni, Ragnari Inga Sigurðssyni og Þórhildi Eypórsdóttur.

1. Deiliskipulag Skipavíkursvæðis - 1510008

Lögð er fram að nýju til afgreiðslu tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hafnarstjórn samþykkti vinnslutillöguna fyrir sitt leyti á 2. fundi sínum og vísaði málinu til skipulagsnefndar til nánari útfærslu áður en hún yrði lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til samþykktar í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hafnarlaga nr. 61/2003, 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Á 9. fundi sínum, tók skipulagsnefnd fyrir sitt leyti jákvætt í framlagða tillögu og samþykkti að auglýsa hana í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með uppfærslum í samræmi við niðurstöður fundarins (sjá fundargerð). Bæjarráð samþykkti á 10. fundi sínum samhljóða að auglýsa tillöguna í samræmi við bókun skipulagsnefndar ásamt því að fella lóðir Nessveg 24 og Nesveg 22a úr deiliskipulagstillögunni og minnka deiliskipulagsreitinn samkvæmt því. Á 11. fundi bæjarstjórnar var deiliskipulagstillögunni með áorðnum breytingum vísað aftur til afgreiðslu í skipulagsnefnd.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði við Skipavík í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með áorðnum breytingum í samræmi við umræður á fundinum.

Bókun GDP

Lýsir yfir andstöðu sinni að meiri hömlur séu settar á lóðarhafa einstakra lóða sbr. Nesveg 20 og 20a umfram aðra á svæðinu.

Haukur Garðarsson, Ragnar Ingi Sigurðsson og Þórhildur Eypórsdóttir bæjarfulltrúar og Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri yfirlögðu fundinn.

2. Umsókn um stöðuleyfi fyrir kofa - 2303049

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, fyrir hönd Magnúsar Inga Sigfússonar, sækir um leyfi

fyrir byggingu kofa/sjoppu við enda Borgarbrautar.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til 31. ágúst 2023 fyrir kofa við enda Borgarbrautar. Nefndin bendir á að færa þurfi kofann áður en framkvæmdir við gatnagerð fyrir Víkurhverfi hefjast. Ákvörðun um staðarval skal gerð í samráði við umhverfis- og skipulagssvið. Skipulagsnefnd samþykkir að veita undanþágu frá tímabundnu stöðuleyfi og mælir með að framkvæmdaraðilar beri byggingarteikningar undir byggingarfulltrúa og hugi að því að tryggja að kofinn fjúki ekki yfir byggð í hvassviðri.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

Gunnar Ásgeirsson (GÁ)

Steindór Hjaltalín Þorsteinsson

Gretar Daníel Pálsson (GDP)

Hilmar Hallvarðsson (HH)

Arnar Geir Diego Ævarsson

Kristín Þorleifsdóttir

Sigurður Grétar Jónasson

Ragnar Ingi Sigurðsson

Þórhildur Eyþórsdóttir

Haukur Garðarsson (HG)

Jakob Björgvín Jakobsson